



**STEFNA UM AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI OG
FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA**

MARS 2026

1. Tilgangur og markmið

Tilgangur stefnu þessarar er að koma á og viðhalda skilvirku kerfi til að sporna við að þjónusta og vörur Haga hf. og dótturfélaga, verði notaðar í ólöglegum tilgangi er tengist peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka. Markmið stefnunnar er að lýsa ábyrgð, hlutverki og helstu verkefnum ábyrgðaraðila. Einnig er fjallað um helstu aðferðir vegna aðgerða gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka ásamt skýrslugerð og tilkynningarskyldu.

Með peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka er vísað til þess þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við, nýtir eða aflar sér með einhverjum hætti ávinnings sem verður til vegna brots sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Samkvæmt framangreindu geta öll brot sem eru refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum verið frumbrot peningapvættis. Þetta geta verið brot sem kunna að hafa fjárhagslegan ávinning svo sem fíkniefnaviðskipti, fjársvik, vörusvik, skattalagabrot, innherjasvik, þjófnaður, fjárkúgun, mútur, mansal, vændi, sala á barnaklámi o.s.frv. Það telst jafnframt vera peningapvætti þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir ávinningi af refsiverðu broti, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum. Traustum vörnum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka er ætlað að hindra eða a.m.k. að draga verulega úr því að fjármunum sem stafa frá ólögmætri háttsemi verði komið í umferð í hinu hefðbundna fjármálakerfi og þar með standa vörð um trúverðugleika, stöðugleika og orðspor fjármálamarkaðarins og félagsins.

Stefnan og tengd skjöl hennar taka mið af lögum nr. 140/2018 um fjármögnun hryðjuverka og aðgerðir gegn peningapvætti, lögum nr. 68/2023, um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, og reglugerðum sem byggja á framangreindum lögum.

2. Ábyrgðaraðilar og helstu verkefni

Stefnan nær til stjórnar, stjórnenda og starfsmanna Haga hf. og dótturfélaga og er þeim skylt að starfa og halda utan um alla þætti er snúa að aðgerðum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka í samræmi við skilgreint verklag og ferla vegna afhendingar á þjónustu og vörum félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits sem tekur á þeim eftirlitsþáttum sem beinast að aðgerðum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Forstjóri skal með reglulegum hætti kanna hvort stefnu stjórnar um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka sé framfylgt innan Haga hf. og dótturfélaga þess.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á að stefnu stjórnar sé framfylgt. Hún skal reglulega kanna hvort unnið sé í samræmi við skilgreint verklag vegna aðgerða gegn peningapvætti og fjalla reglulega um virkni aðgerða gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka. Framkvæmdastjórn skal sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka, að lágmarki einu sinni á ári.

Regluvörður skal taka út virkni eftirlitsþátta sem draga úr þeirri áhættu að þjónusta og vörur félaganna séu nýttar í tengslum við peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Hann skal einnig upplýsa um hvernig staðið var að þjálfun og menntun starfsmanna.

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka annast tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fjármuni sem grunur leikur á að rekja megi til refsiverðrar háttsemi, í samstarfi við æðsta stjórnanda hvers félags innan samstæðu Haga hf. Hann skal hafa skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum sem geta skipt máli vegna tilkynninga.

Starfsmönnum ber að starfa samkvæmt þeim ferlum og verklagi sem félagið hefur innleitt. Starfsmenn þurfa að þekkja tilgang og eðli þeirra eftirlitsaðgerða sem þeir framkvæma. Þeir þurfa að vera vakandi fyrir viðeigandi aðgerðum gegn peningaþvætti og hryðjuverkum, sýna árvekni gegn hugsanlegum svikum og upplýsa yfirmann sinn ef þeir telja að þjónusta eða vörur Haga hf. og dótturfélaga séu notaðar í peningaþvætti eða til fjármögnunar hryðjuverka. Einnig ber þeim að upplýsa stjórnendur ef þeir telja að eftirlitsaðgerðum til mildunar áhættu sé áfátt eða ef eftirlit sé ófullnægjandi og ekki í samræmi við þau markmið sem félagið hefur sett sér.

Verktakar lúta lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 með sama hætti og stjórn og starfsmenn Haga hf. og dótturfélaga. Í samningum Haga hf. og dótturfélaga við verktaka er kveðið á um frekari kröfur sem félögin kunna að gera í samræmi við stefnu þessa.

3. Aðgerðir og skýrslugerð

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skulu m.a. felast í gerð áhættumats. Matið skal innihalda skriflega greiningu og mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skal m.a. taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnum, viðskiptasamböndum, viðskiptalöndum eða svæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni- og dreifileiðum. Áhættumat skal einnig taka mið af stærð, eðli og umfangi á starfsemi og margbreytileika starfseminnar. Áhættumatinu er ætlað að leiða í ljós helstu áhættuþætti er tengjast peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Áhættumatið er lifandi skjal sem endurspeglar stöðugt áhættu í starfsemi félagsins og er það endurskoðað þegar breytingar verða á vörum, þjónustu, tækni, birgðakeðju, markaði, viðskiptahegðun eða öðrum þáttum sem geta haft áhrif á áhættu peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Endurskoðun skal jafnframt fara fram þegar nýjar leiðbeiningar eru lagðar fram eða breytingar verða á lögum og reglum.

Áhættumatið er grundvallarþáttur í áhættumiðuðu eftirliti og leggur grunninn að viðeigandi eftirlitsþáttum sem skulu vera innbyggðir í ferla og verklag. Hluti af eftirlitsþáttum er vöktun á viðskiptamynstri.

Félagið skal hafa aukið eða kerfisbundið eftirlit með framkvæmd viðskipta. Settar skulu sérstakar reglur þar að lútandi.

Félagið skal tryggja að allar tilkynningar um grunsamleg viðskipti séu sendar strax þegar grunur vaknar, í samræmi við kröfur laga nr. 140/2018 og leiðbeinandi tilmæli. Við mat grunsamlegra viðskipta skal

miða við lægsta stig gruns og með því er átt við að ekki þurfi að liggja fyrir staðfesting eða sönnun þess að fjármuna hafi verið aflað með ólögumætum hætti. Mikilvægt er að starfsfólk sé þjálfað til að bregðast hratt við og senda tilkynningu til ábyrgðarmanns, sem sendir tilkynningu til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skal árlega skila skýrslu til stjórnar félagsins um störf sín þar sem hann upplýsir um fjölda atvika sem upp hafa komið á árinu, fjölda tilkynninga til eftirlitsaðila og önnur tilvik mála sem upp koma innan samstæðunnar.

4. Spilling og mútupægni

Á grundvelli laga nr. 3/2006, um ársreikninga, ber félaginu m.a. að fjalla um hvernig það sporni við spillingar- og mútumálum. Ber félaginu einnig að sýna fram á að lágmarksviðmið í upplýsingagjöf um sjálfbærni sem byggist á EU Taxonomy flokkunarkerfinu, sbr. lög nr. 25/2023, séu uppfyllt.

Meðal lágmarksviðmiða í tengslum við spillingu og mútupægni er að sýna fram á hvaða aðgerða er gripið til, til að sporna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, hvaða eftirlit er haft með þeim aðgerðum og hver beri ábyrgð á þeim. Með gerð áhættumats, stefnu, verklagsreglna og framkvæmd áreiðanleikakannana á vörum og þjónustu sem félagið veitir, viðskiptavinum, viðskiptasamböndum og tækni- og dreifileiðum félagsins, uppfyllir félagið framangreindar kröfur tengdar peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Félagið fylgir stefnu þessari í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og framkvæmir áreiðanleikakönnun þegar ný viðskipti eiga sér stað eða félagið tekur upp nýjar vörur eða þjónustur. Hjá félaginu kunna að koma upp tilvik vegna spillingar eða múta vegna útleigu fasteigna.

Félagið er eingöngu tilkynningaskyldur aðili á grundvelli laga nr. 140/2018 vegna útleigu fasteigna og mætir mögulegum tilvikum vegna spillingar eða mútupægni vegna þeirrar starfsemi með mildunaraðgerðum sem hafa í för með sér að eftirstæð áhætta er lágmörkuð niður í litla sem enga. Varðandi aðra framangreinda þætti í starfsemi félagsins sem kunna að vera áhættusamir í tengslum við mögulega spillingu eða mútupægni þá eru forsvarsmenn félagsins og aðrir starfsmenn meðvitaðir um áhættuna og eru vakandi fyrir öllum þáttum sem kunna að vera óeðlilegir í slíkri starfsemi.

5. Endurskoðun

Taka þarf skriflega og rökstudda afstöðu til þess hvort tilefni sé til að endurskoða stefnu þessa árlega eða oftár ef tilefni er til.

Þannig samþykkt 11. janúar 2024, uppfærð 26. mars 2026.

Stjórn Haga hf.

Tengd skjöl

- Áhættumat Haga hf. og dótturfélaga vegna aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun.
- Verklagsreglur vegna aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Siðareglur Haga hf.